

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1996 og gildir til 30. apríl 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

um rekstur heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Heilbrigðis- og öldrunarráð Austur-Skaftafellssýslu annast, í umboði bæjarstjórnar Hornafjarðar, yfirstjórn og rekstur allrar heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu, sbr. lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og lög nr. 82/1989, um málefni aldraðra.

2. gr.

Helstu verkefni á sviði heilbrigðis- og öldrunarþjónustu sbr. 1. gr. eru eftirfarandi:

1. Rekstur heilsugæslustöðvar Höfn H2, sbr. III. kafla laga nr. 97/1990, á starfssvæði sbr. gr. 14.7 sem nær til Hornafjarðar, Bæjarhrepps, Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps.

2. Rekstur hjúkrunarheimilis sbr. gr. 24.1.4. laga nr. 97/1990 og 2. mgr. 18. gr. laga nr. 82/1989, og fæðingardeildar sbr. gr. 24.1.3. sömu laga.
3. Rekstur Dvalarheimilisins Skjólgarðs, sbr. IV. kafla laga nr. 82/1989.
4. Rekstur heimaþjónustu og dagvistar aldraðra, sbr. III. og IV. kafla laga nr. 82/1989.
5. Skrifstofuhald vegna stjórnar og rekstrar á vegum heilbrigðis- og öldrunarráðs Austur-Skaftafellssýslu.

3. gr.

Með heimild í 15. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, gegnir heilbrigðis- og öldrunarráð Austur-Skaftafellssýslu á samningstímabili hlutverki stjórnar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss sbr. 21. og 30. gr. laga nr. 97/1990, og hlutverki öldrunarnefndar sbr. lög nr. 82/1989 um málefni aldraðra.

4. gr.

Samþykkt þessi er sett og staðfest skv. 1. og 2. mgr. 7. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, sbr. samning Hornafjarðarbæjar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 22. desember 1995, sem liggur frammi á bæjarskrifstofu Hornafjarðarbæjar, Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði.

Samþykktin öðlast gildi 1. janúar 1996 og gildir til og með 31. desember 1999 en skal þó tekin til endurskoðunar ef gerðar verða breytingar á samningi Hornafjarðarbæjar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 22. desember 1995.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um umferðaröryggisgjald.

1. gr.

Við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki skal greiða sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs.

Gjaldið nemur 200 kr. fyrir hverja skoðun eða skráningu skv. 1. mgr.

2. gr.

Þeir sem heimild hafa til að annast almenna skoðun (aðalskoðun) ökutækja skulu annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skoðunar um leið og innheimt er gjald fyrir skoðun hverju sinni.

Bifreiðaskoðun Íslands hf., skráningarstofa, annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skráninga um leið og innheimt er gjald fyrir skráningu hverju sinni.

3. gr.

Þeir sem innheimta umferðaröryggisgjald skulu skila innheimtu umferðaröryggisgjaldi í ríkissjóð mánaðarlega og eigi síðar en 15. dag næsta almanaxsmánaðar.